


Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	RALV1RÖ03 – Verkefni 10.	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Verkefni 10 – Raflögn með samrofum, krossrofa og segulliða.

Segulrofar í töflur eru með eina til þrjár aflsnertur með mál straum frá 10A til 40A.

Snertur segulrofa þola mismikla straumáraun t.d. eftir því hvort álagið er hreint raun afl ($\cos\varphi = 1$) eða með launafli. Til þess að meta þetta hefur álag verið flokkað (AC1, AC2 o.s.frv.) og verður ávallt að taka tillit til þessa við val á segulrofa.

Fjarlægð þrýstirofana úr öllum dósnum ásamt vírum þeim tengdum. Einnig veltirofann.

Setjið samrofa í dósir C og E og krossrofa í dós D og eiga þeir að stýra segulliðanum sem síðan kveikir ljós á peru í dós G. Segulliðinn er t.d. Hager ETC225C.

Teiknið fjöllínmynd eftir einlínumyndinni þar sem tilgreind eru heiti og litir víra og sýnd tákn. Þegar þið hafið fengið hana samþykka hjá kennara eigið þið að draga rétta víra í rörin eftir henni.

Athugið að í öllum ljósadósnum á að vera jörð.

Athugið að öll mál eru gefin upp í millimetrum.

Þegar þið teljið ykkur vera búin að tengja kallið þið í kennarann sem fer yfir tengingar með ykkur áður en þið prófið.

Þegar þið hafið lokið við verkefnið takið þið mynd af spjaldinu ykkar sem fer í ferilbókina ásamt fjöllínumyndinni og ykkar lýsingu á verkefninu.

Í lýsingu á að koma fram hvernig ykkur gekk að vinna verkefnið, hvað ykkur fannst erfitt og svo annað sem þið viljið að komi fram.

